



Greinargerð



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2026–2029

Mosfellsbær

Helstu áherslur Mosfellsbæjar

Börn og fjölskyldur

- Mosfellsbær fær viðurkenningu sem Barnvænt samfélag og verður fylgt eftir með aðgerðum.
- Samskiptasáttmáli barna, foreldra og starfsfólks innleiddur í skólum, frístund og félagsmiðstöð í samvinnu við íþróttafélög þar sem markmiðið er að bæta samskipti, samstarf og vellíðan.
- Skammtímaðvistun fyrir fötluð börn opnar í Leirvogstungu.
- Nýtt fjölskylduheimili fyrir börn tekur til starfa á vegum barnaverndar.
- Aðgerðaáætlun verkefnisins Börnin okkar heldur áfram og útfærsla aðgerða til stuðnings börnum og fjölskyldum þeirra. Má þar nefna Opna foreldralínu, aðgengi að sálfræðingum í skólum, námskeið fyrir foreldra og aukinn stuðningur við einstök börn.

Þjónusta og samfélag

- Flutningur þjónustuvers á 1.hæð í Kjarna. Ný og betri aðstaða með aðgengi íbúa að þjónustu bæjarins að leiðarljósi.
- Þjónustustefna innleidd til að efla samræmda, skilvirka og notendamiðaða þjónustu.
- Heitur pottur með aðgengi fyrir hreyfihamlaða í Lágafellslaug til að tryggja aðgengi allra.
- Uppbygging og samstarf í Álafosskvos. Efling menningar, atvinnu og þjónustu á svæðinu.
- Ný félagsaðstaða fyrir Aftureldingu verður tekin í notkun.
- Skipulagsverkefni: Blikastaðir, Bjarkarholt og Korputún. Áframhaldandi þróun og uppbygging í þessum hverfum.
- LED-væðing heldur áfram með orkusparandi lýsingu á götum og opinberum svæðum.
- Stórt ár í breytingum á UT-umhverfi. Unnið verður að endurskipulagningu og uppfærslu tæknikerfa bæjarins til að bæta þjónustu og öryggi.
- Innleiðing á upplýsingatæknikerfi fyrir Farsæld barna.





Aðalsjóður



Eignasjóður



Þjónustustöð



Veitur



Félagslegar íbúðir



Hjúkrunarheimili



Hlégarður



Samstarfs-verkefni A-
hluta



Samstarfs-verkefni B-
hluta



1. Forsendur fjárhagsáætlunar
2. Fjárhagsáætlun og fjárfestingar
3. Málaflokkar



1. Forsendur fjárhagsáætlunar





Hagvöxtur

Spá Hagstofu gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,5% árið 2026.



Íbúapróun

Íbúar Mosfellsbæjar voru 13.715 þann 1. janúar 2025 og var fjölgunin milli ára 1,8%. Nálægt 50% fjölgun íbúa á undanförnum 10 árum. Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun næstu árin. Í ársbyrjun 2026 er gert ráð fyrir að íbúafjöldi verði 13.880 eða 1,8% fjölgun milli ára.



Kjarasamningar

Meðalhækkun launakostnaðar sveitarfélagsins er 4,0% á árinu 2026




Verðbólga

Útkomuspá miðar við 4,2% verðbólgu á árinu 2025 og á árinu 2026 er gert ráð fyrir 3,2% verðbólgu í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands.

Forsendur fjárhagsáætlunar




ÍBÚAFJÖLDI OG ÍBÚAÞRÓUN 2015-2029




Drifkraftar fjárhagsáætlunar 2026-2029



VÍSITALA NEYSLUVERÐS




ÞRÓUN ÚTSVARSTOFNS MOS*



*Spá 2026 skv. staðgreiðsluspá Sambands ísl. sveitarfélaga 2026 og Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2027-2029.

ÍBÚAFJÖLGUN FRÁ FYRRA ÁRI





2. Fjárhagsáætlun og fjárfestingar



Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar



Fjárhæðir eru í m.kr.

	Raun 2024	Útkomuspá 2025	Áætlun 2026	Áætlun 2027	Áætlun 2028	Áætlun 2029
Rekstrarreikningur						
Skatttekjur	16.949	18.331	19.304	20.289	21.802	23.804
Aðrar tekjur	5.270	5.256	5.388	6.214	6.824	7.635
Rekstrargjöld	19.274	20.646	21.924	23.156	25.067	27.666
Afskriftir	648	692	845	642	1.040	1.190
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsgjalda	2.297	2.249	1.923	2.405	2.519	2.583
Fjármagnsgjöld og tekjuskattur	1.420	1.407	1.366	1.374	1.407	1.542
Rekstrarniðurstaða	877	842	557	1.034	1.114	1.043
Efnahagsreikningur						
Eignir samtals	35.230	38.633	40.745	44.118	47.713	50.992
Eigið fé	8.830	9.672	10.228	11.223	12.298	13.302
Skuldir og skuldbindingar samtals	26.399	28.960	30.517	32.895	34.415	37.690
Sjóðstreymi						
Veltufé frá rekstri	1.815	1.872	2.191	2.233	2.449	2.592
Lántaka	2.502	3.418	2.679	3.850	4.230	4.350
Afborganir lána	1.789	1.802	2.045	2.309	2.633	2.981
Fjárfestingar	3.744	5.379	4.160	5.231	5.378	5.171
Handbært fé í árslok	146	135	206	215	243	291



HEILDARTEKJUR MOSFELLSBÆJAR 2026 ERU ÁÆTLAÐAR 24.692 M.KR.

Útsvar

- Áætlað er að álagningarhlutfall útsvars verið áfram 14,97%.
- Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki í takt við almennar launahækkarnir og íbúafjölgun.

Fasteignagjöld

- Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis (A) lækkar úr 0,20% í 0,19%.
- Fráveitugjald lækkar úr 0,089% í 0,084%
- Aðrar álagningaprósentur fasteignagjalda verða óbreyttar.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

- Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs verði 4.069 m.kr. Þar af eru í málaflokki fatlaðs fólks 2.381 m.kr. eða 58% framlaga.


Byggingarréttur

- Áætlaðar tekjur af byggingarrétti eru 250 m.kr.


Gjaldskrár

- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að gjaldskrár hækki að jafnaði um 3,5% en gjaldskrár leikskóla um 9,5%.

SKIPTING TEKNA




HLUTFALLSLEG SKIPTING FRAMLAGA ÚR JÖFNUNARSJÓÐI



21.924 m.kr.

er heildar rekstrarkostnaður
Mosfellsbæjar 2026

- Annar rekstrarkostnaður hækkar í takt við íbúafjölgun og vísitölu neysluverðs.
- Launakostnaður hækkar í takt við fjölgun stöðugilda og launaþróun.




Áætluð rekstrarniðurstaða A- og B- hluta



REKSTRARNIÐURSTAÐA

- Árið 2026 er gert ráð fyrir 1.923 m.kr. rekstrarafgangi fyrir fjármagnsliði og að rekstrarniðurstaða verði 558 m.kr.
- Gjöld eru áætluð 21.924 m.kr. sem skiptast í laun og launatengd gjöld, sem nema 58% af heildargjöldum og annan rekstrarkostnað sem nemur 42%.
- Fjármagnsgjöld nema 1.368 m.kr. Þar af nema verðbætur 762 m.kr.
- Heildareignir eru áætlaðar um 40.745 m.kr. í lok árs 2026.
- Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 30.517 m.kr. og eigið fé 10.230 m.kr.
- Tekjur eru áætlaðar 24.692 m.kr. og skiptast í skatttekjur sem eru 62% af heildartekjum, framlög Jöfnunarsjóðs sem eru 16% og aðrar tekjur sem eru 22%.

REKSTRARNIÐURSTAÐA Í M.KR.



Framkvæmdir og fjárfestingar í A-hluta



YFIRLIT

Áætlað er að framkvæma fyrir samtals 3.218 m.kr. og eru tekjur af gatnagerð 1.269 m.kr. Samtals er því kostnaður vegna framkvæmda í A-hluta 1.949 m.kr.

- Gatnagerð er um þriðjungur af fjárfestingu A-hluta eða um 929 m.kr.
- Áætlað er að verja 596 m.kr í hönnun og framkvæmd á þjónustu- og aðkomubyggingu að Varmá.
- Þá verður 216 m.kr. varið til endurnýjunar þaks og annars viðhalds við íþróttamiðstöðina að Lágafelli.

ÁHUGAVERT


470 m.kr.

vegna endurgerðar jarðhæðar við Varmárskóla


300 m.kr.

endurbætur við skólalóðir leik- og grunnskóla

FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR Í A-HLUTA Í M.KR.



HLUTFALL FYRIRHUGAÐRA FRAMKVÆMDA A-HLUTA 2026 EFTIR MÁLAFLOKKUM



Framkvæmdir og fjárfestingar í B-hluta



YFIRLIT

- Framkvæmdir við MosVeitur, þ.e. vatns-, hita- og fráveitu Mosfellsbæjar, eru stærsti hluti fjárfestinga í B-hluta. Stærstu verkefnin verða í uppbyggingu nýrra hverfa í Helgafellshverfi og á atvinnusvæðinu á Blikastöðum.

ÁHUGAVERT


942 m.kr.

vegna framkvæmda í B-hluta


225 m.kr.

vegna kaupa og endurnýjunar félagslegra íbúða

FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR Í B-HLUTA Í M.KR.



HLUTFALL FYRIRHUGAÐRA FRAMKVÆMDA B-HLUTA 2026 EFTIR MÁLAFLOKKUM




Fjárfestingar og eignir



FJÁRFESTINGAR Í M.KR.


Skólabyggingar Íþróttta- og tómstundamannvirki Önnur mannvirki Velferðarmál Veitur Félagslegar íbúðir Gatnagerð



Afborganir, ný lán og fjárfestingar




UPPHÆÐIR Í M.KR.





SKULDAVIÐMIÐ





3. Málaflokkar





Fræðslu- og frístundamál

Dagforeldrar, leikskólar, grunnskólar, skóla- og ráðgjafarþjónusta, frístund, félagsmiðstöð, listaskóli, skólahljómsveit, vinnuskóli, forvarnarmál og farsæld barna.



Velferðarmál

Þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og flóttafólk, félagsleg húsnæðismál, barnavernd og önnur félagsleg þjónusta.



Menningar-, íþróttar- og lýðheilsumál

Íþróttamál, bókasafn, listasalur, viðburðir, lýðheilsumál og Hlégarður.



Umhverfismál

Sorphirða, skipulagsmál, byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, snjómokstur o.fl.



Miðlægar skrifstofur


Fjármála- og áhættustýringarsvið, mannauðs- og starfsumhverfissvið, skrifstofa umbóta og þróunar og skrifstofa bæjarlögmanns.



SKIPTING ÚTGJALDA EFTIR MÁLAFLOKKUM Í M.KR

19.658 m.kr.

er heildarrekstur málaflokka





Fræðsla og frístundir



Undir málaflokk fræðslu- og frístundamála falla dagforeldrar, rekstur leik- og grunnskóla, stoðþjónusta skóla, þ.m.t. skóla- og ráðgjafapjónusta, frístundastarf, félagsmiðstöð, listaskóli, skólahljómsveit og vinnuskóli.




ÁHERSLUR 2026

- Skólaþróun og gæðastarf
 - Menntastefna Mosfellsbæjar í forgrunni.
 - Innleiðing Matsferils í 4.–10. bekk grunnskóla.
 - Efling innra mats í grunnskólum.
 - Áframhaldandi innleiðing farsældarlaga og þjálfun starfsfólks á vettvangi.
- Börnin okkar
 - Innleiðing Samskiptasáttmála Mosfellsbæjar til að efla m.a. jákvæð samskipti og samstarf.
 - Fræðsluáætlun fyrir foreldra og starfsfólk með áherslu á uppbyggjandi samskipti og farsæld barna.
 - Áframhaldandi innleiðing annarra aðgerða innan verkefnisins Börnin okkar.
- Rekstur
 - Þróun og innleiðing úthlutunarlíkana fjármagns fyrir bæði leik- og grunnskóla.
- Starfsumhverfi
 - Markviss vinna að bættu starfsumhverfi stofnana sviðsins í samstarfi við mannauðs- og starfsumhverfissvið.

- Upplýsingatækni og þróun
 - Áframhaldandi þróun og uppbygging í upplýsingatæknimálum fræðslu- og frístundasviðs í samstarfi við skrifstofu umbóta og þróunar.
- Innritun í leikskóla
 - Börn sem verða orðin 12 mánaða 31. júlí 2026 muni áfram fá leikskólalátt að hausti.
- Skólalóðir
 - Áframhaldandi endurnýjun skólalóða við leik- og grunnskóla.

SKIPTING KOSTNAÐAR FRÆÐSLU- OG FRÍSTUNDAMÁLA Í M.KR.



Leikskólar og dagforeldrar



ÁHERSLUR 2026

- Mosfellsbær starfrækir níu leikskóla, þar af tvo sem eru samreknir með grunnskóla. Leikskólarnir eru: Hlaðhamrar, Hlíð, Hulduberg, Höfðaberg, Leirvogstunguskóli, Reykjakot og Sumarhús auk samreknu leikskólanna í Helgafellsskóla og Krikaskóla. Jafnframt eru börn á leikskólaaldri í sjálfstætt starfandi leikskólum utan Mosfellsbæjar og hjá dagforeldrum.
- Alls er gert ráð fyrir um 892 börnum í leikskólum Mosfellsbæjar á næsta ári auk 30 barna í sjálfstætt starfandi leikskólum og um 43 börnum hjá dagforeldrum.
- Heildarkostnaður Mosfellsbæjar við kennslu og umönnun yngstu barnanna 3.780 m.kr.

ÁHUGAVERT

9 561.213 kr.

starfandi dagforeldrar árið 2026

er mánaðarlegur kostnaður vegna 1 árs barns á leikskóla*

318.350 kr.


er mánaðarlegur kostnaður vegna 5 ára barns á leikskóla*

8%


er hlutdeild foreldra í rekstri leikskóla

* Skv. Sambandi ísl. sveitarfélaga m.v. 8 klst.

SKIPTING KOSTNAÐAR VIÐ LEIKSKÓLA Í M.KR.




FJÖLDI BARNA EFTIR LEIKSKÓLUM




Gjaldskrá leikskóla haust 2025



ÞRÓUN HLUTDEILDAR FORELDRA Í REKSTRI LEIKSKÓLA YFIR 14 ÁRA TÍMABÍL



GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU 1. OKT. 2025 FYRIR 8 KLST. DVÖL Í KR. Á MÁN.




Skráningardagar leikskóla eru 10 yfir veturinn auk skráningar eftir kl. 14:00 á föstudögum.

Ekki er tekið viðbótargjald fyrir skráningu á þessum dögum.

Skráningardagarnir eru liður í því að bæta starfsumhverfi starfsfólks leikskóla.

HEILDARKOSTNAÐUR VEGNA 8 KLST. DVALAR Á MÁNUÐI, Í KR. *



* Skv. Sambandi ísl. sveitarfélaga m.v. 8 klst.



ÁHERSLUR 2026

- Í Mosfellsbæ eru 5 grunnskólar: Helgafellsskóli, Krikaskóli, Kvíslarskóli, Lágafellsskóli og Varmárskóli.
- Alls er gert ráð fyrir um 1.820 nemendum í grunnskólum bæjarins. Að auki eru um 84 nemendur í almennum skólum og sérskólum utan Mosfellsbæjar auk þess að dvelja erlendis.
- Heildarkostnaður Mosfellsbæjar við rekstur grunnskóla á árinu 2026 er áætlaður 6.008 m.kr.

ÁHUGAVERT

272 m.kr.

er kostnaður vegna sérskóla

84

börn stunda nám í grunnskólum utan Mosfellsbæjar eða eru erlendis


77 m.kr.

er kostnaður vegna skólaaksturs


3,1 m.kr.

er heildarkostnaður við hvern grunnskólanema

SKIPTING KOSTNAÐAR VIÐ GRUNNSKÓLA Í M.KR.



FJÖLDI NEMENDA Í GRUNNSKÓLUM






ÁHERSLUR 2026

- Frístund, eftir skóla, er starfrækt við alla grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir nemendur í 1. – 4. bekk.
- Meginhlutverk frístundar er að bjóða nemendum innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali.
- Heildarfjöldi nemenda í frístund Mosfellsbæjar er um 530.
- Grunngjald fyrir hverja klukkustund í frístund er 404 kr.
- Kostnaður við frístund í Mosfellsbæ og sérskólum á árinu 2026 er áætlaður um 202 m.kr.


Í frístundastarfi er m.a. lögð áhersla á félagsfærni, öryggi, útvíst, hreyfingu, fjölbreytni, tómstundir og íþróttir.

Boðið er upp á margvísleg verkefni, t.d. íþróttar-, tómstunda-, lista- og menningarverkefni.

SKIPTING KOSTNAÐAR VIÐ FRÍSTUNDAHEIMILI Í M.KR.



HLUTFALLSLEG ÞÁTTTAKA BARNNA Í FRÍSTUNDAHEIMILUM EFTIR ALDRI





ÁHERSLUR 2026

- Félagsmiðstöðin Bólið, sem starfrækt er í Helgafellsskóla, Lágafellsskóla og við Varmár- og Kvíslarskóla, er ætluð fyrir ungmenni á aldrinum 10-18 ára og er opin allt árið. Almennur opnunartími er kl. 09:00-16:00 alla virka daga auk:
 - Opnana fyrir 10-12 ára þrjá daga í viku kl. 18:15-19:45.
 - Opnana fyrir 13-15 ára fimm kvöld í viku kl. 19:30-22:00
 - Opnunar fyrir 16-18 ára annað hvert sunnudagskvöld kl. 20:30-22:30
- Bólið býður upp á opna tíma í íþróttamiðstöðvunum í samstarfi við menningar-, íþrótt- og lýðheilsusvið sem er hluti af verkefninu Börnin okkar.
- Á sumrin starfrækir Mosfellsbær vinnuskóla fyrir ungmenni í 8. - 10. bekk. Þar starfa 17 flokksstjórar auk þriggja flokksstjóra sem sinna sértækum stuðningi.

ÁHUGAVERT

231 m.kr.

er kostnaður vegna félagsmiðstöðvar og vinnuskóla

83%

barna og ungmenna á aldrinum 5-18 ára nýta frístundaávísunina til að stunda íþrótt- og tómstundastarf


16

starfsmenn starfa í Bólinu í 8 stöðugildum


70%

unglinga í 8.-10. bekk mæta í Bólið að jafnaði

SKIPTING KOSTNAÐAR FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARFS Í M.KR.



FJÖLDI UNGMENNA Í VINNUSKÓLANUM





ÁHERSLUR 2026

- Skóla- og ráðgjafapjónusta styður bæði við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra og við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Um 12-14% barna nýta sér þjónustuna á hverju skólaári.
- Innan skóla- og ráðgjafapjónustu starfa m.a. sálfræðingar, talmeinafræðingur, kennsluráðgjafi, sérkennari og ráðgjafi í málefnum barna m/fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.
- Í verkefninu Börnin okkar er lögð áhersla á námskeið og fræðsluviðburði fyrir foreldra, opnu foreldralínuna, vikulega tíma sálfræðinga á unglingastigi og þátttöku í MEMM*.
Dæmi um námskeið fyrir foreldra:
 - Ertu að tengja? – ætlað foreldrum leikskólabarna og yngsta stigs grunnskóla.
 - PMTO – ætlað foreldrum 4-12 ára barna með aðlögunarvanda.
 - Ertu að tengja við unglinginn þinn? – ætlað foreldrum unglinga.

*Menntun, menning, móttaka

ÁHUGAVERT

1.478 m.kr.

er heildarkostnaður við stuðningsþjónustu við nemendur í leik- og grunnskólum

96%

foreldra upplifa vingjarnlegt viðmót starfsfólks skóla- og ráðgjafapjónustu*

72%


foreldra telja þjónustuna hafa verið gagnlega*

62%


þeirra sem nýta sér þjónustuna eru drengir

* Skv. foreldrakönnun þeirra sem nýta sér þjónustuna

SKIPTING KOSTNAÐAR VEGNA SÉRTÆKS STUÐNINGS Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM Í M.KR.



FJÖLDI BARNNA Í SKÓLA- OG RÁÐGJAFAPJÓNUSTU SKÓLAÁRIÐ 2024-2025 EFTIR SKÓLASTIGI







ÁHERSLUR 2026

- Listaskólinn skiptist í Tónlistarskóla, Skólahljómsveit og Myndlistarskóla Mosfellsbæjar.
- Tónlistarskólinn og Skólahljómsveitin eru rekin af Mosfellsbæ en Myndlistarskólinn fær styrk frá Mosfellsbæ til starfseminnar.
- Áhersla er á að kennslan fari fram bæði á og eftir skólatíma. Kennt er innan skólanna á skólatíma en í húsnæði Tónlistarskólans og Skólahljómsveitarinnar utan skólatíma. Með þessu móti hafa fleiri nemendur tækifæri til að stunda tónlistarnám.
- Nemendum í Tónlistarskólanum hefur fjölgað um 90 talsins frá árinu 2021.


HLUTFALL GRUNNSKÓLANEMENDA Í SKÓLAHLJÓMSVEITUM 2025



SKIPTING KOSTNAÐAR VIÐ LISTASKÓLA OG ANNAÐ LISTNÁM Í M.KR.



FJÖLDI NEMENDA Í LISTASKÓLANUM



Innleiðing farsældarlaga




ÁHERSLUR 2026

- Grunnþjónusta við börn fer fram í leik- og grunnskólum og á heilsugæslu (1. stig). Ef þörf er á frekari stuðningi er kallað á skóla- og ráðgjafarþjónustu og velferðarsvið (2. stig), en í flóknustu málum kemur m.a. barnavernd og BUGL að málum (3. stig).
- Tengiliðir farsældar eru í öllum leik- og grunnskólum ásamt málstjórum á velferðarsviði, sem samhæfa stuðning við börn og fjölskyldur.
- Áhersla er á stafræna umbreytingu með innleiðingu nýs málakerfis í alla skóla Mosfellsbæjar, auk áframhaldandi fræðslu og þjálfunar tengiliða og málstjóra.
- Á haustönn verður unnið lokamat á innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna í samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu.
- Ríkið styrkir Mosfellsbæ um 32 m.kr. og rennur það fjármagn til leik- og grunnskóla vegna tengiliða (1. stig), velferðarsviðs vegna málstjóra (2. stig) og stöðugildis leiðtoga farsældar.


Markmiðið laganna er m.a. að sem flest börn fái viðeigandi þjónustu á 1. stigi og að þjónusta þess stigs sé það öflug að færri börn þurfi umfangsmikla þjónustu á 2. og 3. stigi.

Staða aðgerðaáætlunar vegna innleiðingar laganna er þannig að 81% verkefna er lokið og 19% eru í vinnslu.

HEILDARFJÖLDI MÁLA Í SAMÞÆTTRI ÞJÓNUSTU (ÁGÚST 2025)



FJÖLDI NÝRRÁ MÁLA Á 1. STIGI Í (OPNUÐ JANÚAR – ÁGÚST 2025)





Velferð




Undir málaflokk velferðar fellur þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og flóttafólk, félagsleg húsnæðismál, barnavernd og önnur félagsleg þjónusta veitt til barna og fullorðinna.



ÁHERSLUR 2026

- Þjónustupróun og ný úrræði
 - Skammtímadvölin í Leirvogstungu opnar á árinu.
 - Breytingar á verklagi í stuðnings- og heimaþjónustu verða innleiddar með það að markmiði að efla þjónustu við einstaklinga sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs.
- Innleiðing farsældarlaga
 - Áhersla verður lögð á áframhaldandi innleiðingu farsældarlaganna, sem gert er ráð fyrir að komist á viðhaldsstig á árinu.
- Börnin okkar
 - Haldið verður áfram vinnu við aðgerðaráætlun Börnin okkar, þar sem áhersla er á eftirfarandi þætti:
 - Samningur við Bergið headspace
 - Málstjórn farsældar
 - Stuðningsúrræði fyrir börn og fjölskyldur
 - Unglingaráðgjafi
 - Opin foreldralína
- Ný tækni og ferlaumbætur
 - Innleiðing velferðartækni mun styðja við aukið sjálfstæði og bætta þjónustu.
 - Sjálfvirknivæðing ferla til að auka skilvirkni.

SKIPTING KOSTNAÐAR VELFERÐARMÁLA Í M.KR.



ÁHUGAVERT

4.160 m.kr.

eru heildarútgjöld sviðsins árið 2026 án tillits til tekna frá Jöfnunarsjóði

264

beiðnir um samtal til velferðarsviðs hafa komið í gegnum vef Mosfellsbæjar það sem af er ári

170

stöðugildi á velferðarsviði árið 2026

16

starfsstöðvar verða á velferðarsviði árið 2026



ÁHERSLUR 2026

- Nýtt fjölskylduheimili fyrir börn samkvæmt barnaverndarlögum tekur til starfa á árinu.
- Ný skammtímadvöl í Leirvogstungu mun hefja starfsemi sem mun bjóða upp á aukinn stuðning við börn í heimabyggð.
- Áframhaldandi samstarf við Bergið headspace um ráðgjöf til barna og ungmenna.
- Málstjórar farsældar vinna mál barna og fjölskyldna þeirra þegar barn hefur þjónustu frá nokkrum þjónustuaðilum.
- Aukin áhersla verður á stuðningsþjónustu til fjölskyldna, svo sem uppeldisráðgjöf og námskeið út frá verkefninu Börnin okkar.
- Ríkið mun taka yfir þjónustu fyrir börn með fjölpættan vanda frá áramótum.

ÁHUGAVERT

5

fötluð börn munu fá þjónustu í nýrri skammtímadvöl í Leirvogstungu

5-10

börn og ungmenni geta nýtt sér þjónustu Bergsins Headspace í hverri viku


305

börn hafa fengið aðkomu barnaverndarþjónustu á árinu 2025


91

barn er nú með samþætta þjónustu á velferðarsviði

SKIPTING KOSTNAÐAR Í VELFERÐARÞJÓNUSTU VIÐ BÖRN OG UNGMENNI Í M.KR.



FJÖLDI TILKYNNINGA TIL BARNAVERNDAR



Fullorðrið fatlað fólk



ÁHERSLUR 2026

- Búsetukjarnar Mosfellsbæjar eru 10, þar af 5 á lóð Farsældartúns. Á árinu verður áfram unnið að því að bjóða íbúum á Farsældartúni, sem það kjósa, aðra búsetukosti.
- Undirbúningur að samstarfi við 3ja aðila vegna byggingu nýs íbúðakjarna fyrir 6-7 einstaklinga.
- Í NPA þjónustu á árinu 2026 verða 11 einstaklingar. Enginn er á bið eftir þjónustunni.
- Hugað er sérstaklega að þeim hópi fatlaðs fólks sem eru eldri borgarar og þarfnast annars konar þjónustu en yngra fatlað fólk með áherslu á aukna félagslega virkni og aðstoð við daglegt líf.

ÁHUGAVERT

3.188 m.kr.

eru heildarútgjöld málaflokks fatlaðs fólks (fullorðnir og börn)

18

einstaklingar eru á bið eftir búsetu


2.267 m.kr.

tekjur eru áætlaðar frá Jöfnunarsjóði vegna málaflokks fatlaðs fólks


52

einstaklingar eru í þjónustu búsetukjarna Mosfellsbæjar

SKIPTING KOSTNAÐAR VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FULLORÐIÐ FATLAÐ FÓLK Í M.KR.



HLUTFALL FATLAÐRA AF ÍBÚAFJÖLDA SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*




Eldri borgarar



ÁHERSLUR 2026


- Stækkun hjúkrunarheimilisins Hamra, áætluð eru 66 viðbótarrými.
- Í gegnum verkefnið Gott að eldast verður endurhæfing í heimahúsi efl.
- Fjölga framboði á viðburðum og námskeiðum í félagsstarfinu m.a. í gegnum áhugasvið virkra þátttakenda.
- Áhersla verður lögð á skoða möguleika á velferðartækni í þjónustu í formi skjáheimsóknna.
- Frá því að félagsstarfið flutti í Brúarland hefur orðið um 40% aukning í fjölda einstaklinga sem sækja félagsstarfið, bæði á skipulögð námskeið en einnig á hefðbundna viðburði.



Á vegum félagsstarfsins eru rúmlega 30 viðburðir vikulega. Flestir þeirra eru í Brúarlandi en einnig eru viðburðir í Hlégarði og Eirhömrum. Nýjasti sjálfsprottni hópur félagsstarfsins er harmonikkuhópur.

Á árinu 2026 er áætlað að stofna fleiri hópa og bjóða upp á fleiri námskeið og verður sérstök áhersla lögð á framboð fyrir karla.

SKIPTING KOSTNAÐAR Í MÁLAFLOKKI ELDRI BORGARA Í M.KR.



ÁHUGAVERT

196

heimili eru með stuðningsþjónustu

56

heimili fá samþætta þjónustu*

5.600

ferðir með akstursþjónustu hafa verið nýttar af eldri borgurum það sem af er ári 2025

*Samþætt þjónusta er þegar einstaklingur er með bæði heimahjúkrun og stuðningsþjónustu

Félagsþjónusta og félagslegt húsnæði



ÁHERSLUR 2026

- Í fjárfestingaáætlun er gert ráð fyrir kaupum á þremur félagslegum íbúðum á árinu 2026.
- Heimilislausir Mosfellingar geta nýtt sér gistiskýli Reykjavíkurborgar samkvæmt samningi milli sveitarfélaganna. Það sem af er ári hafa verið nýttar 43 gistinætur.
- Skoðað verður að innleiða gervigreind við gerð greinar- og fundargerða ráðgjafa sem er liður í aukinni skilvirkni.
- Stór þáttur í starfsemi félagsþjónustu eru ráðgjafaviðtöl við íbúa sveitarfélagsins og er áætlað að rúmlega 200 beiðnir um félagslega ráðgjöf munu berast á árinu 2026 og telur stór hluti þeirra fleiri en eitt ráðgjafaviðtal.

ÁHUGAVERT

99%

umsókna um fjárhagsaðstoð til framfærslu koma í gegnum stafræna leið

200

einstaklingar fá árlega sérstakan húsnæðisstuðning


325

samtalsbeiðnir til ráðgjafa hafa komið í gegnum vefsíðu Mosfellsbæjar það sem af er ári 2025


4

úthlutanir hafa verið á félagslegu húsnæði það sem af er ári 2025

SKIPTING KOSTNAÐAR Í FJÁRHAGSAÐSTOÐ Í M.KR.



SKIPTING KOSTNAÐAR Í HÚSNÆÐISSTUÐNINGI Í M.KR.





Menning, íþróttir og lýðheilsa



Sviðið annast undirbúning stefnumörkunar í menningar-, íþrótt- og lýðheilsumálum og framkvæmd þeirra verkefna sem sviðinu eru falin.


Menningar-, íþróttar- og lýðheilsuáætlun



ÁHERSLUR 2026

- **Stefnumótun**
 - Unnið verður að mótun nýrrar menningarstefnu.
 - Lýðheilsu- og forvarnastefna verður endurskoðuð.
- **Uppbygging og aðstaða**
 - Undirbúningur að byggingu þjónustu- og aðkomubyggingar heldur áfram í samstarfi við umhverfissvið, starfsfólk Varmár og starfsfólk og sjálfboðaliða Aftureldingar.
- **Samstarf og samfélagsverkefni**
 - Næstu áfangar við lagningu hjólabrauta í Ævintýragarðinum í samstarfi við hjóladeild Aftureldingar og Icebike.
 - Verkefni sem unnin eru á samráðvettvangi íþróttar- og tómstundafélaga verða þróuð og útfærð.
 - Samstarf við Hestamannafélagið Hörð fest í sessi með formlegum samningi um reiðstíga og aðrar umbætur til lengri tíma.
 - Hreyfitengdir viðburðir, svo sem menningarsögugöngur og göngur á fell Mosfellsbæjar, verða þróaðir og útfærðir til að efla tengsl íbúa við nærumhverfið og hvetja til virkni.

SKIPTING KOSTNAÐAR MENNINGAR-, ÍÞRÓTTA- OG LÝÐHEILSUMÁLA Í M.KR.



ÁHUGAVERT

1.640

pylsur voru gefnar í götugrill í
í túninu heima 2025

5,5 m.kr.

verður úthlutað úr Lista- og
menningarsjóði 2026

325

viðburðir og fundir eru áætlaðir í
Hlégarði á árinu 2026

10

listasýningar eru haldnar í listasalnum
ár hvert




ÁHERSLUR 2026

- Nýtt nafn og merki fyrir Listasal Mosfellsbæjar verður kynnt í upphafi árs 2026.
- Framkvæmdir í Hlégarði halda áfram þar sem vinna hefst við endurnýjun á þökum og lokið verður við að klæða vegg í sölum hússins.
- Viðburðahald í Hlégarði verður með svipuðu sniði en áhersla verður lögð á að fjölga tónleikum, uppistandi og sambærilegum viðburðum.
- Samstarf Bókasafns Mosfellsbæjar, Bókasafns Seltjarnarness og Borgarbókasafns verður þróað frekar á árinu 2026. Virkt bókasafnskort gildir á öllum þremur samstarfssöfnum.
- Niðurstöður íbúakönnunar eftir bæjarhátíðina í túninu heima verða nýttar til að bæta skipulag og innihald hátíðarinnar með áherslu á viðburði fyrir 16–20 ára.

5 milljónum verður varið til bókakaupa á árinu 2026. Bækurnar eru t.d í flokki skáldsagna, fræðibóka og barnabóka, m.a. barnabóka á pólsku.

Bókasafnið mun taka á móti fjölda leikskólabarna í um 100 skipulögðum heimsóknum.

SKIPTING KOSTNAÐAR MÁLAFLOKKA Í MENNINGARMÁLUM Í M.KR.



ÁHUGAVERT

2.500

virkir lánþegar á bókasafninu

82%

þátttakenda mátu fjölbreytni og gæði dagskrár bæjahátíðarinnar í túninu heima 2025 frekar eða mjög góða samkvæmt íbúakönnun




ÁHERSLUR 2026

- Áfram unnið að verkefnum tengdum lýðheilsu og forvörnum, m.a. í framhaldi af verkefninu Börnin okkar.
- Ný félagsaðstaða fyrir Aftureldingu tekin í notkun.
- Stuðningur við rafíþróttir og lengri opnunartímar í íþróttamiðstöðvum fyrir unglinga.
- Vinna með íþrótta- og tómstundafélögum að því að fjölga valmöguleikum barna og ungmenna með áherslu á þau börn sem ekki finna sig í hefðbundnu íþrótta- og tómstundastarfi.
- Samstarf um stíga og utanvegaíþróttir verður styrkt og þróað í samvinnu við íþróttafélögin og Mosverja.
- Samstarf skóla, frístunda og íþróttastarfs til að styðja við heildstæða vinnu við að efla lýðheilsu.

Fjöldi gesta í íþróttamiðstöðinni að Varmá á dæmigerðum mánudegi í október 2025 voru 1.700 einstaklingar.

SKIPTING KOSTNAÐAR ÍÞRÓTTA OG LÝÐHEILSU Í M.KR.



ÁHUGAVERT

25

íþróttagreinar er hægt að æfa í Mosfellsbæ

84,3%

barna í 1. bekk í Mosfellsbæ æfa íþróttir

2.947

er heildarfjöldi iðkenda í Aftureldingu

#2

Lágafellslaug er næst mest sóttá sundlaug landsins



Umhverfi



Undir málaflokk umhverfismála er umsjón með skipulags- og byggingarmálum, rusl- og sorphirðu, garðyrkju, götulýsingum, snjóhreinsun, umhirðu gatna og göngustíga auk reksturs Eignasjóðs og MosVeitna.

Umferðar- og samgöngumál




ÁHERSLUR 2026 - SAMGÖNGUR

- Framlög til Strætó bs. er langstærsti einstaki kostnaðarliðurinn málaflokksins (47%).
- LED væðing götulýsingar heldur áfram í takt við umhverfisstefnu bæjarins. Þegar búið að skipta út u.þ.b. 1.400 af 3.500 lömpum í sveitarfélaginu. LED veitir betri og jafnari lýsingu, stuðlar að orkusparnaði og dregur úr viðhaldspörf.
- Stýribúnaður vegna götulýsingar áætlaður í útboð og uppsetningu á árinu.
- Reiðstígar kortlagðir í samvinnu við Hestamannafélagið Hörð og forgangsraðað í þrjá flokka. Lýsingarverkefni fyrir flugvallahring við Tungubakka heldur áfram.

ÁHESLUR 2026 - SNJÓMOKSTUR

- Haustið 2024 tóku nýir samningar gildi í snjómokstri og hálkuvörnum þar sem markmiðið er að bæta þjónustustig. Snjómokstur er annars vegar á stofn- og tengibrautum og hins vegar húsagötum og á bílaplönnum stofnana.
- Áhersla lögð á vistvæna samgöngumáta m.a. með aukningu í mokstri stíga. Allt stígakerfi bæjarins er í fyrsta forgangi þar sem hægt er að koma því við.
- Sérstök áhersla er lögð á að stígakerfi til og frá skólum og íþróttamannvirkjum.
- Að meðaltali eru um 6.220 km af stígum og götum mokaðar á vetri.

SKIPTING KOSTNAÐAR Í SAMGÖNGUMÁLUM Í M.KR.




ÁHUGAVERT

22,4 km

reiðstígar í þéttbýli (2025)

- Svæði hestamannafélags (17,9 km)
- Skammadal að Varmá (2,5 km)
- Mosfellsdal (2 km)




Garðyrkja og rekstur opinna svæða



ÁHERSLUR 2026

- Hreinsun og umhirða leikvalla og útivistarsvæða.
- Farið verður í nýtt útboð vegna grassláttar sem mun gilda fyrir árin 2026-2029.
- Hönnun blómabeða og áframhaldandi endurnýjun leiksvæða.
- Hreinsunaráttak í samstarfi við íbúa, Aftureldingu og Mosverja.
- Samstarf við íbúa um fegrun opinna svæða.
- Að gera græn svæði sjálfbærari með þróun blómaengja til að minnka sláttuflöt.
- Almenn viðhaldsþjónustu gatna og opinna svæða.

SKIPTING KOSTNAÐAR Í GARÐYRKJU OG REKSTRI OPINNA SVÆÐA Í M.KR.






ÁHERSLUR 2026

- Grenndarstöðvar í Mosfellsbæ eru orðnar sex talsins:
 - Bogatanga
 - Skálahlíð
 - Mosfellsvegi (Mosfellsdal)
 - Dælustöðvarveg
 - Vogatungu
 - Vefarastræti
- Grenndarstöð við Dælustöðvarveg komin í notkun og verður fullkláruð á árinu 2026.
- Endurvinnslustöð við Blíðubakka. Önnur nútímaleg og notendvæn stöð er áætluð við Lambhaga (Reykjavík) á árinu.
- Áfram unnið að háþrókun endurvinnslu eins og hægt er.


14.466 tonn

heildarmagn (2024)

- Endurnýting (7%)
- Förgun (9%)
- Endurvinnsla (84%)




SKIPTING KOSTNAÐAR Í SORPHIRÐU Í M.KR.



505 tonn

frá heimilum (2024)

- Förgun (1%)
- Endurvinnsla (46%)
- Endurnýting (53%)






ÁHERSLUR 2026 - SKIPULAGSMÁL

- Deiliskipulag 1. áfanga Blikastaðalands fyrir um 1.300 íbúðir auk hönnunar og undirbúnings að Borgarlínuleið E í Mosfellsbæ.
- Deiliskipulag í vinnslu og undirbúningi fyrir 6. og 7. áfanga Helgafellshverfis.
- Nýtt athafnasvæði í undirbúningi sunnan Fossavegar á Tungumelum.
- Skipulagsbreytingar og uppbygging í miðbæ og Korputúni auk fjölda verkefna á frístunda- og einkalöndum.

ÁHERSLUR 2026 - BYGGINGARMÁL

- Áframhaldandi uppbygging er framundan miðsvæðis við Bjarkarholt og Langatanga.
- Áframhaldandi uppbygging er framundan í Helgafellshverfi við Huldugötu, Kolbrúnargötu, Lóugötu og Úugötu.
- Framkvæmdir vegna gatnagerðar og atvinnuhúsnæðis við Korputún halda áfram.
- Áfram lögð áhersla á umhverfiseftirlit vegna óleyfisframkvæmda og umgengnismála.

SKIPTING ÚTGJALDA Í SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁLUM Í M.KR.



ÁHUGAVERT

225 ha.

óbyggt skilgreint land til íbúðaruppbyggingar og möguleikar Mosfellsbæjar til vaxtar

8.900 m²


atvinnu-, verslunar-, og þjónusturými er ráðgert að Korputúni við Blikastaðaland




ÁHERSLUR 2026

- Mosfellsbær rekur fjórar aðskildar veitur sem sameiginlega nefnast MosVeitur. Það eru hitaveita, vatnsveita, fráveita (B-hluti) og ljósveita auk þess sem frárennsli og ofanvatnslausnir eru á borði MosVeitna (A-hluti).
- Veitukerfin verða stækkuð í takt við uppbyggingaráform og þarfir notenda skv. rennislíkönum.
- Um 3.000 snjallmælar hafa verið keyptir og verða settir upp á árinu.
- Áfram er unnið að aðskilnaði ofanvatns- og fráveitu og hreinsun á viðkvæmum viðtökum, eins og Varmá.
- Allar rotþrær í sveitarfélaginu koma í þjónustu, auk þess sem forhreinun og móttaka seyru í Holtastöð verður endurbætt.


SKIPTING ÚTGJALDA Í HITAVEITU Í M.KR.



SKIPTING ÚTGJALDA Í VATNSVEITU Í M.KR.



SKIPTING ÚTGJALDA Í FRÁVEITU Í M.KR.





Miðlæg þjónusta




Stjórnsýsla Mosfellsbæjar annast meðal annars fjármál og áhættustýringu, mannauðsmál og þjónustu við stofnanir, lögfræðilega ráðgjöf, fundaumsjónir, lóðaúthlutanir, persónuvernd, umbóta- og þróunarverkefni, upplýsingatækni og stafræna þróun.

Miðlæg þjónusta



SKIPTING KOSTNAÐAR STOÐSVIÐ- OG SKRIFSTOFUR Í M.KR.



Mannauður og starfsumhverfi



ÁHERSLUR 2026


- Opnun þjónustuvers Mosfellsbæjar á 1. hæð í Þverholti 2 þar sem ný og betri aðstaða býðst íbúum sem sækja þjónustu á bæjarskrifstofur sveitarfélagsins.
- Nýir sjálfvirkir ferlar teknir í notkun í tengslum við launavinnslu sem auka öryggi og gæði við útreikning og greiðslu launa.
- Eitt af markmiðum mannauðs- og starfsumhverfisviðs á árinu er að grípa fleiri mál þar sem sálfélagslegan stuðning vantar, áður en oft viðkvæm staða versnar
- Sérstök áhersla verður lögð á stuðning við stjórnendur til að efla sálfélagslegt öryggi þeirra og starfsfólks hjá Mosfellsbæ.
- Aukinn og skilvirkari stuðningur við stjórnendur gegnum miðlægt efni á gæðavef, Fjöru fræðsluvefinn og í samstarfi við utanaðkomandi ráðgjafa.

Starfsfólk mannauðs og starfsumhverfis vinna fjölbreytt störf við kjararáðgjöf, mannauðsráðgjöf, launavinnslu, móttöku erinda í þjónustuveri og í mötuneyti miðlægrar þjónustu.

STJÓRNENDASKÓLI MOSFELLSBÆJAR

- Stjórnendaskóli Mosfellsbæjar settur á laggirnar.
- Stjórnendaskólanum er ætlað að skapa menningu árangursmiðaðrar stjórnunar. Lögð verður áhersla á stjórnandann sem leiðtoga, sýn og tilgangur, stefna sveitarfélagsins og stjórnandinn, strúktúr, kerfi og ferlar, teymisvinna, markmið og mælikvarðar, stjórnsýsla sveitarfélaga, stjórnandinn og sértæki sviðsins.
 - Opnar í janúar 2026
 - Stað- og fjarnám
 - 8-10 vikur í stjórnendafræðslu á hvern stjórnanda
 - 40 stjórnendur fara í gegnum stjórnendaskólann árið 2026

SKIPTING STÖÐUGILDA HJÁ MOSFELLSBÆ





ÁHERSLUR 2026

- Innleiðing á þjónustustefnu og gerð aðgerðaráætlunar í miðlægri stjórnsýslu.
- Áframhaldandi þróun á mos.is og Mínum síðum með áherslu á þjónustumiðaða hönnun.
- Aukin áhersla á upplýsingamiðlun í gegnum samfélagsmiðla Mosfellsbæjar.
- Endurskoðun og uppfærsla gæðahandbókar.
- Ljósmynda- og gagnagrunnur verður innleiddur.
- Gagnahögun Mosfellsbæjar skilgreind.
- Hagnýting gervigreindar í stafrænum lausnum og til að auka skilvirkni í verkefnum starfsfólks.
- Innleiðing snjallmennis á mos.is sem eykur upplýsingagjöf og sjálfsafgreiðslu möguleika íbúa.

Fjölsóttasta síðan á mos.is er Viðburðir í túninu heima.

Tímabundið leyfi fyrir nemendur í grunnskóla er algengasta umsóknin á Mínum síðum.

Áfram verður áhersla á reglubundnar þjónustu- og viðhorfskannanir.

FJÖLDI 5 VINSÆLUSTU UMSÓKNA Á MÍNUM SÍÐUM (JAN-OKT 2025)



ÁHUGAVERT

124.214

er heildarfjöldi mála í OneCRM málakerfinu

17.555

heimsóknir voru á mos.is yfir helgina í túninu heima

38

starfsfólk hafa sótt ChatGPT námskeið hjá Endurmenntun HÍ

6.500


eru fylgjendur Mosfellsbæjar á Facebook



ÁHERSLUR 2026

- UT samvinna
 - Samvinna UT starfsfólks innan Mosfellsbæjar verður efld ennfrekar.
 - Einföldun verður gerð á rekstrarumhverfi UT.
 - Verkbeiðnakerfið tekið upp í öllum stofnunum.
- Öryggi
 - Áfram verður unnið að endurnýjun innviða með áherslu á öryggi kerfa og gagna.
 - Einföldun aðgangsmála og notendaumsjónar, SOC innleitt og aðgangstýringar hertar.
- Leyfismál og búnaður
 - Búnaði skipt út þar sem hann er úreldur m.a. til að auka öryggi.
 - Eitt notendaumsjónarkerfi (AD) fyrir allt bæjarfélagið
 - Skráning búnaðar með bættum ferlum við uppfærslur
 - Leyfismál nýtt með tilliti til eins umhverfis (Microsoft)
- Þjónusta og innkaup
 - Þjónusta og innkaup einfölduð með einum birgja, t.d. fyrir netbúnað, prentara og annan búnað í stofnunum.
 - Sjálfvirknivæðing ferla sem veitir betri yfirsýn, lækkar rekstrarkostnað og auðveldar ákvarðanatöku.
- Fræðsla
 - Fræðsla aukin með fyrir starfsfólk með áherslu á öryggi og nýtingu á leyfum.
 - Áhersla á UT fræðslu til starfsfólks í Fjörunni.

SKIPTING KOSTNAÐAR Í UPPLÝSINGATÆKNI Í M.KR.



ÁHUGAVERT

407 m.kr.

er heildarkostnaður í upplýsingatækni Mosfellsbæjar

13,3 m.kr.

er fjárfestingarkostnaður innviða til að efla öryggi (NIS 2)

28 m.kr.

er kostnaður vegna Microsoft hugbúnaðarleyfa

40,5 m.kr.

er kostnaður vegna aðkeyptar tækniþjónustu í miðlægri þjónustu



Mosfellsbær

Útgefandi:
Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Ljósmyndir:
Gunnar Freyr Steinsson ljósmyndari
Helga Dögg Reynisdóttir ljósmyndari
Hulda Margrét Óladóttir ljósmyndari